

Að öðru leyti skar íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, eða sérstökum ákvæðum, sem sett verða fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

#### 4. gr.

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þannig að tog- hlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

#### 5. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

#### 6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framan- greind lög, sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974, og fellur með gildis- löku hennar úr gildi reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, um fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerð nr. 362 4. desember 1973, um breyting á þeirri reglugerð.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. október 1975.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón L. Arnalds.*

## AUGLÝSING

um takmörkun botnvörpu- og flotvörpuveiða við suðurströnd Íslands.

#### 1. gr.

Ákvæði D. liðar 6 2. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni skulu ekki gilda fram til 10. ágúst 1975.

Samkvæmt þessu eru allar botnvörpu- og flotvörpuveiðar bannaðar til 10. ágúst 1975 innan þja sjómílna frá suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° 57' v.lgd og að vestan af lengdarbaug 22° 32' v.lgd.

## 2. gr.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

## 3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem blut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. júlí 1975.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Pórður Ásgeirsson.*

10. júlí 1975.

Nr. 301.

## AUGLÝSING

um viðbót við auglýsingu nr. 349 7. nóvember 1974, um lækkun gjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur.

## 1. gr.

Til viðbótar upptöldum hráefnum og hjálparefnum í 1. gr. fyrrgreindrar auglýsingar komi eftirtalin efni:

ANTIFLOAT CVP  
 CLEARPOL  
 CO-RO STABILISATOR  
 CREMODAN SE 33  
 CREMODAN SI 315  
 EMULGATOR PAF 11  
 EMULSIFIER WHC  
 KONZENTRAT 1  
 KONZENTRAT 19  
 KONZENTRAT 23  
 KONZENTRAT 25,3  
 KONZENTRAT 26,1  
 KONZENTRAT 27  
 KONZENTRAT 29  
 KONZENTRAT 40  
 KONZENTRAT 49  
 KONZENTRAT (atrix) 62  
 KONZENTRAT 88  
 NOFOME C  
 TOFFAN

## 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. júlí 1975.*

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

*Björn Hafsteinsson.*